

Tillögur að breytingum á samþykktum Stapa lífeyrissjóðs

Lagt fram á ársfundi 16. maí 2013:

- 4.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð ~~áttasex~~ mönnum. ~~Fjórírþrjú~~ skulu kosnir af launamönnum og ~~fjórírþrjú~~ af vinnuveitendum. Kosning fulltrúa launamanna fer fram á ársfundi sjóðsins. Kosning fulltrúa vinnuveitenda fer fram skv. ákvörðun aðildarfélaga sjóðsins skv. grein 3.3. **Átta varamenn skulu kosnir með sama hætti.**
- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár og skal kjósa helming stjórnar á hverju ári, **tvo fulltrúa launamanna og tvo fulltrúa vinnuveitenda.** ~~Það ár sem fulltrúar launamanna kjósa tvo menn í stjórn, tilnefna fulltrúar launagreiðenda einn mann og það ár sem fulltrúar launamanna kjósa einn mann, tilnefna fulltrúar launagreiðenda tvo menn.~~ Varamenn skulu kosnir með sama hætti. **Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.**
- 10.1. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur vikum fyrir ársfund. Stjórn sjóðsins skal minnst tveimur vikum fyrir ársfund senda aðildarfélögum sjóðsins tillögur um breytingar á samþykktum til kynningar. Ennfremur **skal birta tillögurnar á heimasíðu sjóðsins minnst tveimur vikum fyrir ársfund** ~~verður að geta tillagnanna í fundarboði.~~ Miðri tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum skv. lögum nr. 129/1997 eða samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 17.6 Lífeyrissjóðurinn skal upplýsa sjóðfélaga um ~~útreikning á~~ viðmiðunariðgjald~~i~~ til jafnrar réttindaávinnslu skv. framanskráðu innan ~~sexþriggja~~ mánaða frá því að hann greiðir fyrst til sjóðsins eftir 1. janúar 2007. Telji sjóðfélagi viðmiðunarárið ekki gefa sanngjarna mynd af venjubundnum iðgjaldsgreiðslum hans getur hann óskað eftir því við sjóðstjórn að annað ár verði lagt til grundvallar útreikningi viðmiðunariðgjalds. Ósk um endurskoðun viðmiðunariðgjalds skal berast sjóðnum í síðasta lagi **69** mánuðum eftir að sjóðfélaginn fékk **fyrst** tilkynningu um **útreikning** viðmiðunariðgjalds.